

## SAMÞYKKT

### um kattahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Kattahald á Suðurnesjum sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir skulu skráðir hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja gegn greiðslu leyfis-gjalds. Leyfisgjaldið skal standa straum af kostnaði við eftirlit með kattahaldi og greiðist einu sinni við skráningu kattarins. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og spóluormahreinsun kattarins.

3. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin á Suðurnesjum setja að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rök-studdum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitar-félögin skulu láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

5. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en 1 mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

6. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

7. gr.

Ketti skal merkja með örmerki undir húð á miðjum herðakambi eða húðflúri í hægra eyra samkvæmt reglum sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja setur. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja heldur skrá yfir merkta ketti. Eigendum katta er skylt að tilkynna embættinu um breytingar á heimilisfangi.

8. gr.

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigandi eða umráðamaður skal geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlits-aðila ef óskað er.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrif-um eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

10. gr.

Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafyrirtæki. Vátryggingin skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Vátryggingaupphæð verði samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villi- eða flækingsköttum. Í því skyni er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum til að fanga ketti. Ómerktur köttur sem fangaður er þannig skal geymdur í 7 daga. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflifaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða leyfisgjald og áfallinn kostnað.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

13. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af öllum sveitarstjórnunum á Suðurnesjum staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*